

12. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 20. desember 1999, kl. 11:00 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Pétur Bjarnason, Magnús Stephensen, Gunnar Bragason, Jóhannes Pálsson, Ingi Arason, Ragna Halldórsdóttir, Ásmundur Reykdal og Gyða Björnsdóttir.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Þjónustusamningur.

Undirritaður þjónustusamningur við SORPU lagður fram

Reikningur frá Línuhönnun hf.

Rætt um reikning frá Línuhönnun hf., vegna fundarhalda urðunarhóps FENÚR í Nóvember sl., og lagt fram bréf formanns til Línuhönnunar hf. um málið.

Heimasíða.

Heimasíða FENÚR er ekki kominn á netið, vegna tæknilegra ástæna. Gyða er að vinna í málinu. Hægt gengur að fá umbeðin gögn frá starfshópnum, en hreyfing er að komast á það. Gyða hættir störfum um áramót, en Sif Svavarsdóttir, mun taka við hennar störfum og halda uppsetningu síðunnar áfram eftir því sem gögn berast. R.H. og Á.R. komu með gögn á fundinn, sem borist hafa frá ISWA í tölvu pósti. Talið eðlilegt að slík gögn verði staðsett á heimasíðunni félögum FENÚR og öðrum til upplýsingar. Gyða vék af fundi.

Fundur starfshópa.

Fundur lagahóps með fulltrúum Umhverfisráðuneytis sem átti að vera í Desember féll niður sökum anna í ráðuneytinu. J.P. hefur verið í sambandi við Sigurbjörgu Sæmundsdóttur og hefur reynst erfitt að finna tíma, en stefnt að fundi í Janúar n.k. G.B. segir spilliefnahóp í svipaðri stöðu. Urðunarhópurinn hélt fund í Nóvember, eins og fram kemur hér að ofan.

Starfið eftir áramót.

Rætt um dagskrá aðalfundar FENÚR og ráðstefnu í tengslum við hann. Ákveðið að dagsetning, sem ákveðin var á síðasta fundi standi og aðalfundur verði haldinn þann 31. Mars 2000.

M.St. ræðir við aðstoðarmann umhverfisráðherra um fá ráðherra á fundinn og móttöku ráðstefnugesta að ráðstefnu lokinni. R.H. kannar fundarstað og kostnað.

Rætt um fyrirkomulag ráðstefnunnar Ákveðið að leggja til við Ögmund Einarsson, SORPU, og Helga Má Pálsson, Hornafirði, að hafa framsögu I.A. og J.P. munu leita eftir að fá einhvern kunnugan til að fjalla um sorpbrennslu.

Önnur mál.

Lagt fram bréf frá umhverfisráðuneyti um skipun í starfshóp vegna förgunar

úrgangs frá heilbrigðisstofnunum. Ragna Halldórsdóttir er tilnefnd í hópinn frá FENÚR.

I.A. leggur til að Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Sorpsamlagi Suðurlands, verði tilnefndur hópstjóri flutningahóps. Samþykkt.

Gjaldkeri, J.P. greindi frá rekstrarstöðu FENÚR miðað við niðurstöðutölur í nóvember. Hann tók að sér að tala við aðila vegna vangoldinna félagsgjalda 1999.

Ákveðið að fjárhagsáætlun FENÚR fyrir næsta ár verði rædd á Janúarfundi.

P.B. leggur til að gerðar verði ráðstafanir til að koma félaginu betur á framfæri með útgáfu kynningarefnis. P.B og R.H. vinna tillögu um kynningarmöppu.

Lögð fram bréf frá ISWA. Í fyrra bréfinu kemur fram að FENÚR hafi verið samþykkt sem fulltrúi Íslands í ISWA, á fundi í París þann 11. Desember sl.

Samkvæmt lögum ISWA (ISWA's Internal Regulation 1.2.5) þarf endanleg samþykkt að afgreiðast á aðalfundi ISWA, sem haldinn verður í París 2. Júlí, 2000 og hefur erindi þess efnis verið sett á dagskrá fundarins. Að þeirri samþykkt lokinni, getur FENÚR tekið þátt í fundarstörfum og ákvörðunum aðalfundar ISWA, sem fullgildur meðlimur samtakanna fyrir Íslands hönd með 1 atkvæði.

Seinna bréfið, er fundarboð á aðalfund ISWA í París, 2. Júlí 2000.

Næsti fundur 12. Janúar 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU.

Fundi slitið kl. 12:10

Á.R.